



Borgarráð

Umsögn borgarráðs um tímabundið tækifæris- og áfengisleyfi vegna Iceland Airwaves, Listasafni Reykjavíkur, Tryggvagötu 17.

Reykjavíkurborg hefur sótt um tækifæris- og tímabundið áfengisveitingaleyfi í tilefni af Iceland Airwaves, Listasafni Reykjavíkur, Tryggvagötu 17, dagana 7.-11. nóvember 2018. Sótt hefur verið um eftirfarandi veitingatíma áfengis:

- frá kl. 20.00 til kl. 01.00 aðfaranótt fimmtudags 8. nóvember 2018,
- frá kl. 20.00 til kl. 01.00 aðfaranótt föstudags 9. nóvember 2018,
- frá kl. 20.00 til kl. 02.00 aðfaranótt laugardags 10. nóvember 2018,
- frá kl. 20.00 til kl. 02.00 aðfaranótt sunnudags 11. nóvember 2018.

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirfarandi umsögn:

Iceland Airwaves er ein mikilvægasta tónlistarhátíð Reykjavíkur og hefur verið haldin á hverju ári síðan 1999. Hún hefur stækkað á hverju ári og er ómissandi hluti af menningarlífi Reykjavíkur. Síðastliðin ár hefur Hafnarhúsið verið hluti af tónleikastöðum hátíðarinnar og fagnar borgarráð því að svo verði áfram. Heimildir til áfengisveitinga á því svæði sem Listasafn Reykjavíkur er staðsett á M1a, skv Aðalskipulagi Reykjavíkur, AR 2010-2030 eru til 1.00 á virkum dögum og til 3.00 um helgar/almenna frídaga, eða almennar miðborgarheimildir.

Með vísan til þess sem rakið hefur verið hér að framan er lagt til að borgarráð veiti jákvæða umsögn um Iceland Airwaves hátíðina í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

